

Reglugjörð

um notkun bryggjunnar í Steinsvör á Skipaskaga.

Stjórnarráð Íslands hefir 24. mars 1917 gefið út svofelda reglugjörð um notkun bryggjunnar í Steinsvör á Skipaskaga, samkvæmt lögum nr. 62 frá 10. nóvember 1905.

1. gr.

Bryggjan er í umsjón hreppsnefndarinnar í Ytra-Akraneshreppi. Hún hefir sjerstakan reikning, sem miðast við almanaksár og sje endurskoðaður og úrskurðaður af sömu mönnum og reikningur hreppsins. Hreppsnefndin innheimtir eða lætur innheimta gjöld fyrir notkun bryggjunnar samkvæmt reglugjörð þessari og gerir reikningsskil fyrir þeim, gegn 5% innheimtulaunum. Ársreikningur skal sendur stjórnarráðinu.

2. gr.

Ef árleg gjöld fyrir notkun bryggjunnar hrökkva eigi til greiðslu afborgunar og vaxta af byggingarskuld hennar og til viðhalds henni, skal það, er til vantar, greitt úr hafnarsjóði verslunarstaðarins, meðan hann hrökkur til, en síðan úr hreppssjóði, gegn endurgjaldi af sjóði bryggjunnar, þegar betur lætur. Ef reynslan sýnir, að bryggjan ber sig ekki fjárhagslega með gjöldum þeim, sem ákveðin eru í 3. gr., gerir hreppsnefndin tillögur um hækkun þeirra.

3. gr.

Gjöld fyrir notkun bryggjunnar skulu ákveðin þannig:

- | | |
|---|---------|
| a. af hverjum hlut yfir vertíð hverja af öllum bátum, sem hafa fiskafgreiðslu við bryggjuna | 1 króna |
| Gjaldið greiðist af óskiftum afla og skal formaður annast um greiðslu þess. | |
| b. fyrir hver 100 kílógrömm af kolum og saltfiski, sem flutt eru að henni eða frá | 2 aurar |
| c. fyrir hverja tunnu salts | 2 — |
| d. fyrir hvern teningsmeter af timbri | 10 — |
| e. fyrir hvern stórgrip | 15 — |
| f. fyrir hverja sauðkind | 2 — |

- g. fyrir hvern heykapal 3 aurar **11**
 h. fyrir hvert stykki (collo) af öðrum flutningi 2 — 24 mars

Gjaldið greiðir sá, er veitir vörunni móttöku eða sendir hana burtu. En ef skipið eða báturinn hefir ekki farmskrá eða önnur skírteini, er beri með sjer hverjir sjeu móttakendur eða sendendur, greiði formaður gjaldið. Gjöldin má taka lögtaki.

Hreppsnefndin má semja svo um við kaupsýslanir og einstaka menn, að þeir greiði tiltekna upphæð á ári fyrir notkun bryggjunnar, í stað lögakveðins gjalds í hvert skifti.

4. gr.

Flutningur má ekki liggja á bryggjunni lengur en nauðsyn krefur. Nýjan fisk, sem lagður er á hana, má ekki slægja þar, heldur skal flytja hann af henni án tafar. Að öðru leyti eru notendur bryggjunnar og aðrir háðir ákvörðunum þeim, er hreppsnefnd og heilbrigðisnefnd setja um góða reglu og hreinlæti á henni.

5. gr.

Þegar byggingarskuld bryggjunnar er að fullu lokin, gerir hreppsnefndin tillögur um, hvort lækka skuli gjöld fyrir notkun hennar.

6. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari (4. gr.) varða sektum alt að 30 krónum, er renna í hafnarsjóð ver slunarstaðarins á Skipaskaga. Með mál útaf slíkum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 12. maí 1917 og skal endurskoðuð fyrir 1. janúar 1926.

Í stjórnarráði Íslands, 24. mars 1917.

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson.